

**Ed.** **196. Frumvarp til laga**  
um verzlunarlóðina í Hnífsdal í Norður-Ísafjarðarsýslu.  
Flutningsm.: Jón Auðunn Jónsson.

1. gr.

Takmörk verzlunarlóðarinnar í Hnífsdal eru þessi:

Að innanverðu suðurtakmörk bryggjulóðarinnar í Skeljavík, að ofan lína yfir þveran Hnífsdal, um svonefndan Einarshrygg, en að utanverðu bein lína á land upp frá Skarfaskeri.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 20 19. júní 1922.

**G r e i n a r g e r ð.**

Frumvarp þetta er flutt eftir ósk breppsnefndar Eyrarhrepps, og hefir sýslunefnd Norður-Ísafjarðarsýslu gefið meðmæli sín til að sú breyting, sem fram á er farið í frv. á verzlunarlóðinni, nái samþykki.